

5. gr.

99

26. sept.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 100 til 5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt lögum. Skal fara með mál út af sílkum brotum sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi gengur í gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. september 1935.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

100

26. sept.

um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki.

Samkvæmt reglum útgefnum í dag, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki, skal frá 1. október þ. á. blanda allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, með 3% af íslenzku smjöri, svo og erlent smjörlíki, sem flutt kann að verða til landsins.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. september 1935.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

101

7. sept.

um viðurkenningu á flokkunarfélögum skipa.

Samkvæmt 28. gr. laga nr. 93, 1935, um eftirlit með skipum og samkvæmt 2. gr. Kaupmannahafnar-samþykktarinnar frá 28. janúar 1926, um haffæri skipa og skipsbúnað, eru sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Flokkunarfélögunum:

British Corporation for the Survey and Registry of Shipping,

Bureau Veritas,

Det Norske Veritas,

Germanischer Lloyd,

Lloyd's Register of Shipping og

Registro Italiano Navale ed Aeronautico

er falið innan þeirra takmarka, og með þeim skilyrðum, er auglýsing þessi setur, að gera iðnfræðilegar athuganir og mælingar, er með þurfa, svo unnt

- 101** sé að framkvæma aðal-, auka- og hleðslumerkjaskoðun á íslenskum skipum.
7. sept. Skipaskoðanir þessar skulu taldar gerðar í umboði íslensku ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Svipta má ofangreind flokkunarfélög téðu umboði í einu eða hvert einstakt þeirra, með 12 mánaða fyrirvara, nema sérstakar ástæður geri styttri frest nauðsynlegan.

3. gr.

Nú hefir flokkunarfélag fengið viðurkenningu atvinnumálaráðuneytisins, og skulu þá reglur þess um skip, sem flokkuð eru í því, taldar fullnægja öllum þeim kröfum, sem gerðar eru til styrkleika skips og véla í lögum um eftirlit með skipum.

Gildi hafa eingöngu þær skoðanir á skipi eða vélum, sem gerðar eru í umboði einhverra áðurgreindra flokkunarfélaga.

4. gr.

Hvert flokkunarfélag ber fulla ábyrgð gagnvart atvinnumálaráðuneytinu á því, að þær skoðanir, sem gerðar eru í umboði þess, séu fullnægjandi og vel af hendi leystar.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt, án tillits til framangreindrar viðurkenningar á flokkunarfélögum, ef ástæða þykir til, að láta fara fram rannsókn eða endurskoðun á því, er fellur undir ákvæði laga um eftirlit með skipum. Rannsókn eða endurskoðun þessi skal gerð af skipaskoðunarmönnum ríkisins.

5. gr.

Flokkunarfélögin geta fylgt sínum reglum, um kröfur þær, sem gerðar eru um smíði, efni, skipsbol, reisnir, siglur, reiða, vélar, katla, stýri, stýrisumbúnað, akkeri, akkeriskeðju, landfestar, ennfremur hvernig austurrásur er fyrir komið, skiptingu skipsins í vatnsheld hólfi og þrýstiprófun á kötlum, pípum og hylkjum.

Að jafnaði skal það teljast fullnægjandi upplýsing gagnvart hlutaðeigandi stjórnarvöldum um flokkun skips, að þeim sé sýnt gilt flokkunarskírteini fyrir skipið, útgefið af einhverju framantalinnu flokkunarfélagi.

Nú stendur yfir skoðun til endurnýjunar á flokki skips, þegar sanna á fyrir hlutaðeigandi stjórnarvöldum, að skipið sé flokkað, og skal það þá talið fullnægjandi, að lögð séu fram meðmæli frá skoðunarmanninum um það, að skipið haldi sínum flokki.

Flokkunarfélögin láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum að jafnaði ekki í té afrit af skoðunargerðinni, þegar um skoðun á öðrum skipum en farþegaskipum er að ræða, en þó skulu þau senda atvinnumálaráðuneytinu afrit af henni, verði þess óskað. Þegar skoðun á farþegaskipum fer fram, skal senda atvinnu-

málaráðuneytinu afrit af allri skoðunargerðinni, hvort sem er á bol, vél, katli eða öðrum hlutum skipsins. **101**

7. sept.

Hlutaðeigandi flokkunarfélag skal þegar í stað tilkynna atvinnumálaráðuneytinu, þegar flokkað skip er numið úr flokki, fært í lægri flokk, eða þeim kröfum, sem gerðar hafa verið til skipsins af félaginu, hefir ekki verið fullnægt innan tiltekins tíma, eða aðrar ástæður eru fyrir hendi, er máli skipta fyrir hið opinbera eftirlit með skipinu.

Þegar flokkunarfélag framkvæmir hleðslumerkjaskoðun og hleðslumerkjaútreikning á íslenzku skipi, skal það senda atvinnumálaráðuneytinu afrit af skoðuninni, ásamt öllum útreikningi með teikningum, er þurfa til endurskoðunar á ákvörðun hleðslumerkjanna.

6. gr.

Um skoðun á íslenzkum skipum, sem Lundúnasamþykktin um öryggi mannslífa á sjónum, frá 31. maí 1929 og hleðslumerkjasamþykktin frá 5. júlí 1930, nær til, skal farið eftir ákvæðum nefndra samþykktta, þó með þeim undantekningum og ívilnunum, sem þar eru gerðar um eldri skip og skip af sérstakri gerð.

Framangreind ákvæði öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. september 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.